



371. Stjórnarfundur haldinn 6. apríl 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá: Landsbanka Íslands v /samruna Spkef inn í Landsbankann og félagið boðið velkomið í viðskipti.

Boðsbréf frá Knattspyrnufélagi Vals stílað á Einar Haraldsson formann v/ eitthundrað ára afmæli Vals.

Tölvupóstur frá Margréti Sanders mfl.ráði kvenna knattspyrnu. Mfl. ráð kvenna óskar eftir heimild til allt að einnar milljónakróna yfirdráttar, meðfylgjandi er fjárhagsáætlun ráðsins. **Samþykkt að veita heimildina til 31. desember 2011.**

3. Send bréf.

Engin.

4. Hringbraut 108.

EH lagði fram undirritaðan leigusamning við Guðbjörgu Jónsdóttur v/ Hringbrautar 108.

5. Félagsheimili okkar að Sunnubraut.

Búið er að kaupa inn kaffikönnu ásamt kaffibrúsa, kaffikannan er tengd og tilbúin til notkunar. Leiðbeiningar um notkun á uppþvottavél hafa verið settar upp í eldhúsi. Búið er að panta eitthundrað og fimmtíu manna matarstell og hnífapör frá Fastus. Kominn er einn glerskápur fyrir bikara. Hermann Helgason hefur hætt við að leigja salinn 8. maí.

6. Önnur mál.

Reglur um fjáraflanir/safnanir og umgegni í félagsheimilinu voru til umræðu og lýsir stjórnin ánægju með þessar reglur og samþykkir þær.

EH skýrði frá mögulegum fjárframlögum frá Reykjanesbæ til íþrótt- og leikjaskóla Keflavíkur og hvernig mögulega best væri að standa að framkvæmd skólans ef af honum yrði. Athugað verður með að einn leiðbeinandi verði ráðinn og vera með eitt námskeið. EH falið málið.

Umræður um 17. júní. Menningarráð sendi félaginu bréf þar sem tekið var fyrir á fundi þeirra 3. febrúar 2011 og eftir farandi bókað. „Íþrótt- og ungmennafélag Keflavíkur og Njarðvíkur hefur óskað eftir að samningur vegna háatíðarhalda á 17. júní verði endurnýjaður á svipuðum nótum og síðast liðin ár. Ráðið hafnar erindinu og hyggst endurskoða fyrirkomulag á hátíðarhaldi bæjarfélagsins með minnkandi fjárframlögum í huga. Íþrótt- og ungmennafélögunum Keflavík og Njarðvík verður boðið að senda inn endurskoðaða tillögu ásamt öðrum áhugasömum í bæjarfélaginu. Auglýst verður eftir tillögum“

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Egilstöðum um verslunarmannahelgina og þurfum við að skipa unglingalandsmótsnefnd. Framkvæmdastjóra falið að fá tilnefningar í nefndina frá deildum.

Næsti fundur 20. apríl 2011 kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50

Fundinn ritaði SG

